

**Brjef landshöfðingjá til amtmannsins yfir Norduramtinu og Austuramtinu 42**  
**um kostnað við framfærslu þurfamanns.** — Með brjefi, dagsettu, 14. þ. m., hefir 21. marz  
 amtmáðurinn yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu skotið til mín ágreiningi milli  
 hreppsnefndarinnar í Kjósarhreppi í Gullbringu og Kjósarsýslu og hreppsnefnd-  
 arinnar í Kirkjuhvammshreppi í Húnavatnssýslu útaf kostnaði við dvöl Jó-  
 hanns Bjarnasonar »bera«, er viðurkenndur er sveitlægur í Kirkjuhvammshreppi;  
 en nefndum amtmanni og yður, herra amtmáður, hefir eigi að öllu leyti getað  
 komið saman um það, hvornig úr ágreiningi þessum skuli skorið. Hefir hann  
 farið fram á það, að jeg skyldi Kirkjuhvammshrepp til að greiða Kjósarhreppi  
 það, sem hinn síðarnefndi hefir krafizt, 130 krónur eða 127 kr.

Mál þetta er svo undirkomið, að áðurnefndur Jóhann Bjarnason kom á  
 flakki sínu að Írafelli í Kjós 19. desbr. 1896 og sat þar þangað til 12. janúar næst  
 eptir; þá var honum af hreppsnefndinni í Kjósarhreppi komið fyrir annarsstaðar,  
 og var hann á sveitarframfæri þar það sem eptir var af vetrinum eða þangað  
 til 21. apríl 1897, en þá var hann fluttur fátækraflutningi á sveit sína. Þegar að  
 því kom að átti að flytja hann á sveit sína, kvaðst hann að visu ekki geta kom-  
 izt norður sökum sjúkleika, og var hlutaðeigandi hjeraðslæknir því sóttur til þess  
 að fá það rannsakað, hvort hann væri flutningsfær eða eigi. Í endurgjald fyrir  
 dvöl Jóhanns á Írafelli hefir verið krafizt 18 kr., fyrir dvöl hans frá 12. jan.  
 til 21. apríl 1897 hefir verið krafizt 75 kr., en ferð hjeraðslæknisins kostaði 37  
 kr. Að því leyti er snertir kostnaðinn við dvöl Jóhanns í Kjósarhreppi eptir  
 að hann fór frá Írafelli, þá hefir yður og amtmanninum yfir Suðuramtinu og  
 Vesturamtinu komið saman um, að Kirkjuhvammshreppi beri að greiða þann  
 kostnað, 75 kr., og er málið því að þessu leyti endilega útkljáð. Aptur á móti  
 hafið þjer neitað að skylda Kirkjuhvammshrepp til að borga hinar umkröfðu  
 18 kr. og 37 kr., sem Kirkjuhvammshreppur hefir skorazt undan að greiða. Að  
 því er snertir kostnaðinn við dvöl hans á Írafelli, hafið þjer haldið því fram, að  
 hann hafi dvalið þar eins og flækingur og eigi eftir ráðstöfun sveitarstjórnar;  
 sje því hjer eigi að ræða um kröfu sveitarfjelags gegn sveitarfjelagi, heldur um  
 kröfu einstaks manns gegn sveitarfjelagi. Aptur á móti vill amtmáðurinn yfir  
 Suðuramtinu og Vesturamtinu skoða kostnað þennan sem fátækrastryrk, enda  
 hefir hreppsnefndin í Kjósarhreppi eptirá viðurkennt kröfuna sem framlag fyr-  
 ir sína hönd. Tekur amtmáðurinn það fram, að með því að Jóhann Bjarna-  
 son sje ekki eingöngu þurfamaður, heldur og stöðugur flökkumaður, geti hinar  
 almennu reglur um veitingu fátækrastryrks ekki átt algerlega við um hann, sem  
 sje alltaf á vegum fátækrastrjórnarinnar, hvar sem hann kemur eða er. Um  
 umgetinn kostnað við ferð læknisins takið þjer það fram, að með því að ferð  
 læknisins hafi eingöngu verið til þess gerð að skoða, hvort Jóhann væri flutn-  
 ingsfær, eigi sá kostnaður að greiðast samkvæmt opnu brjefi 17. apríl 1868; að  
 visu sje í 1. gr. brjefs þessa talað um kostnað þann, »er gengið hefir til flutn-  
 ingsins«, en á hinn bóginn sje bæði í 2. gr. talað um kostnað, »sem leidi af  
 flutningi þurfamannsins«, og í fyrirsögninni segi, að hið opna brjef sje »um  
 það hvornig borga eigi kostnað þann, er rís af flutningi á þurfamönnum«.

**42** Um reikning hjeradslæknisins hafið þjer athugað það, að hestleiga með fódri  
 21. marz sje of hátt sett í honum. Amtmaðurinn yfir Suduramtinu og Vesturamtinu hefir þar á móti haldið því fram, að þegar litið sje til þess, hvernig orðin liggja í 1. gr. hins nefnda opna brjefs um það, hvernig borga eigi kostnað þann, er rís af flutningi á þurfamönnum, þá virðist hinn umræddi kostnaður verða að teljast með þeim kostnaði, sem dvöl eða framfærsla Jóhanns í Kjósarhreppi hafi haft í för með sjer, enda mundi engum hafa komið til hugar að skoda kostnaðinn við ferð hjeradslæknisins sem fátækraflutningskostnað, ef það hefði orðið úr, að Jóhann Bjarnason eigi hefði orðið álitinn flutningsfær. Að því leyti er upphæð reikningsins snertir, þá hefir amtmaðurinn yfir Suduramtinu og Vesturamtinu fallizt á það, að hestleiga með áfóðri væri talin að eins 3 kr. á dag fyrir hvern hest, og reikningurinn þá færður niður í 34 kr.

Jeg verð nú að vera yður samdóma um það, að kostnaðurinn við dvöl Jóhanns á Írafelli frá 19. desbr. 1896 til 11. (eða 12.) janúar næst eptir geti eigi skodast sem löglega veittur sveitarstyrkur, þar sem hann eigi dvaldi þar eptir ráðstöfun hlutaðeigandi hreppsnefndar, en viðurkenning hennar eptirá virðist eigi geta breytt neinu í þessu efni. Kirkjuhvammshreppur virðist því eigi geta orðið skyldaður til að greiða þennan dvalarkostnað.

Þar á móti verð jeg að vera samdóma amtmanninum yfir Suduramtinu og Vesturamtinu um það, að rjett sje að skoda kostnaðinn við hina umræddu ferð hjeradslæknisins með kostnaði þeim, sem dvöl Jóhanns eða framfærsla í Kjósarhreppi hafið í för með sjer, því að þótt ferðin hafi verið gjörð einkum í þeim tilgangi að fá skorið úr því, hvort Jóhann væri flutningsfær, þá gat hún einnig skodast sem tilraun til að lækna sjúkleik hans, án tillits til flutnings.

Því úrskurðast hjer með að Kirkjuhvammshreppur greiði Kjósarhreppi auk 75 króna fyrir dvöl Jóhanns Bjarnasonar »bera« í Kjósarhreppi veturinn 1896/97 34 kr., sem er kostnaðurinn við hina framannefndu læknisferð, eða samtals kr. 109,00.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndinni í Kirkjuhvammshreppi.

## Samþykkt

**43**  
 25. febr.

um kynbætur hesta í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefir samkvæmt lögum 11. desbr. 1891, um samþykktir um kynbætur hesta, gjört eptirfylgjandi samþykkt um kynbætur hesta í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

### 1. grein.

Í hverjum hreppi ræður hreppsnefndin, hvort graðhestar skuli vera einn eða fleiri; hefir hún rjett til að kaupa þá þar, sem hún álltur hentugast og greiðist borgunin úr sveitarsjóði. Hún skal og kjósa 3 menn innanhrepps, til